

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Lindarfiskur	1.12.20	Meðallandi Skaftárhreppi	3
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
590509-0350	6.6.35	nei	Allt að 300 tonn af bleikju á ári

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X	X		Starfsleyfið er fyrir allt að 300 tonna framleiðslu á ári. Leyfið tók gildi við afhendingu starfs- og rekstrarleyfa 25.maí sl. 2018 slátraði rekstraraðili rúmum 30 tonnum og rúmum 40 tonnum 2019 og frávik þess efnis því skráð.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Starfsleyfi fyrir 20 tonna ársframleiðslu var í gildi þar til ný starfs- og rekstrarleyfi voru afhent og tóku gildi í maí sl. Byrja átti í framkvæmdum til stækkunar á næstunni sem hefur verið frestað vegna Covid. Búið er að útbúa settjörn/setskurð.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 4.1. í starfsleyfi).		X		Farið var yfir skráningar skv. nýju leyfi og lögð áhersla á að bæta skráningar, t.d. á magni og meðhöndlun úrgangs. Skráningar á slógi frá vinnslu og þeim afföllum sem fara með því í meltu eru ekki aðskildar. Magn fisks sem fer í svínafóður er ekki skráð.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Þar sem starfsleyfi tók ekki gildi fyrr en eftir 1. maí bar rekstraraðila ekki að skila skýrslu. Þó er athygli rekstraraðila vakin á því að ársyfirlit v. 2020 skal berast Umhverfisstofnun fyrir 1. maí nk.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Sama á við um skil á grænu bókhaldi og ársyfirliti, grænt bókhald vegna ársins 2020 skal

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

				berast Umhverfisstofnun fyrir 1. maí nk.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Viðbragðsáætlanir vegna tímabundinnar eða ótímabundinnar rekstrarstöðvunar liggja fyrir. Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa er til staðar og fjallar hún um tilkynningar ef óhapp verður. Engin olía er hinsvegar geymd á staðnum og því telur eftirlitsaðili að ekki sé þörf á frekari áætlun umfram það, sbr. það sem kemur fram í gr. 2.6 og 2.7 í starfsleyfi um viðbrögð við óhöppum.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			X	Á ekki við.
Er neyðaráætlun til staðar?		X		Áætlun sbr. gr. 2.5, er tekur á neyðarslátrun og fjallar um hver móttöku aðili dauðfisks við slíka slátrun yrði, liggur ekki fyrir. Þ.e. ef fiskurinn er ekki söluhæfur né væri hægt að setja í þann farveg sem dagleg afföll fara nú í.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Skv. starfsleyfi á rekstraraðili að vera með umhverfismarkmið. Þau voru ekki aðgengileg við eftirlit en voru send eftirlitsaðila 22. desember sl.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Helmingur kerja er handfóðraður, rest er á klukkufóðrum sem er fyllt á vikulega. Fylgst vel með fódurnotkun.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar?	X			Mælt var í október sl. og mældist engin styrkmunur á hvorki fosfór né köfnunarefni í inntaksvatni og frárennsli eftir settjörn. Fylgjast skal með losun fosfórs og köfnunarefnis með útreikningum frá

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Síðustu mælingar?		X		fóðurnotkun sbr. leiðbeiningar eftirlitsaðila svo hægt sé að fylgjast með hvort rekstraraðili uppfylli mörk starfsleyfis sbr. gr. 3.4. Umhverfisstofnun getur einnig farið fram á mælingar á heildarfosfór og heildarköfnunarefni. Engar skráningar liggja fyrir vegna áranna 2018 og 2019, losun fosfórs og köfnunarefnis hvorki reiknuð né ekki mæld.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Ekkert set, olía eða froða sást í frárennslis. Enginn fiskur var sjáanlegur né ólykt til staðar.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oph. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Frárennslis er safnað í settjörn/setskurð. Skurðurinn er um 900 m langur og rennur frárennslis þáðan í Eldvatnsbotna. Slyasleppingavörn er í skurði.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Ferskvatn, í um 1 km fjarlægð frá kerjum.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Ekki var kvöð um slíkt í eldra leyfi. Eftirlitsaðili óskar þó eftir því að í samhliða sýnatökum í frárennslis árið 2021 verði tekin sýni ofan við og neðan við útrás settjarnar í viðtaka. Mæla skal COD og svifagnir, sbr. gr. 3.4 í starfsleyfi.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X	X		Plast undan fóðri er farið með í flokkunargáma á Vík. Bretti eru endurnýtt eða brennd. Ekki má skila þeim til flutningsaðila v. nýrnaveiki í stöðinni. Eftirlitsaðili bendir þó á að brennsla úrgangs er bönnuð nema fyrir liggi tilskilin leyfi til brennuhalds.
	X			

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

				Tunnur undan formalíni og fötur undan virkoni eru endurnýtt en fara annars í plast eftir skolon. Engin olúgeymir er á staðnum sem tilheyrir rekstrinum. Mest af afföllum er gefið svínum sem eru á staðnum. Önnur afföll og slóg úr vinnslu á Vík í Mýrdal fara í meltutank. Sjálfmelta án sýru. Meltan er svo notuð sem áburður á tún og í rof o.sfrv.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		TOC/COD/BOD₅ og svifagnir hefur ekki verið mælt í frárennsli. Mæla átti TOC/COD/BOD₅ og svifagnir tvisvar sinnum á árinu 2019 og á þriggja ára fresti eftir það skv. starfsleyfi en það tók ekki gildi fyrr en í maí 2020. M.t.t. þessa og með vísan í gr. 2.8 í starfsleyfi óskar eftirlitsaðili eftir því að sýni verði tekið fyrir 1. apríl nk., annað fyrir lok árs 2021, næsta sýni árið 2023 og í kjölfarið á þriggja ára fresti sbr. starfsleyfi.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	Á ekki við.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Ekki var skilaskylda skv. eldra leyfi. Eftirlitsaðili minnir á að niðurstöður mælinga ársins 2020 skulu fylgja ársyfirliti sem berast á stofnuninni fyrir 1. maí nk.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			COD og svifagnir 2021. Rekstraraðili tekur sýnin, Sýni ehf mælir.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Við eftirlit ársins 2018 hafði ekki verið brugðist við athugasemdum eftirlits ársins 2016 er varðaði skráningar og mælingar.

Fimm frávík frá starfsleyfisskilyrðum komu fram í eftirliti 2018. Frá gr. 1.1 er varðaði stærð fiskeldis, gr. 1.4 er varðaði skráningar, gr. 2.1, 2.6 og 3.1 er varðaði hreinsun á frárennsli, gr. 2.6 er varðaði mælingar á vatnsgæðum frárennslis og viðtaka og frá gr. 2.2 og gr. 2.5 er varðaði eldisbúnað. Ein ábending var gerð er varðar blóðvökva við slátrun.

Eftirlit með fiskeldisstöð Landeldi

Samantekt:	Eldi sem var með 20 tonna leyfi en starfaði umfram leyfilegt umfang seinustu ár. Fráviki, sem skráð var 2018 vegna þessa, var lokað með gildistöku nýs 300 tonna starfsleyfis sl. vor. Ný frávik eru skráð vegna framleiðslu árunna 2018 og 2019 en þeim er einnig lokað v. framangreindrar gildistöku nýs leyfis. Skv. úrbótáætlun rekstaraðila í kjölfar seinasta eftirlits stóð til að taka upp skráningar í fiskeldisforriti. Eftirlitsaðili óskar eftir upplýsingum um hvernig skráningum á magni fisks, fóðurnotkun, fóðurnýtingu og afföllum er hagað. Skráningum er enn ábótavant. Magn, gerð og meðhöndlun úrgangs er ekki skráð. Frávik er því skráð á ný, nú frá gr. 4.1 í nýju starfsleyfi. Afstöðumynd barst 22.12.20. Frávikum vegna hreinsunar frárennslis hefur verið lokað þar sem frárennsli fer nú í gegnum settjörn/setskurð. Skv. nýju starfsleyfi átti að tæma settjörn fyrst fyrir 15. júní 2019. Leyfið tók hinsvegar ekki gildi fyrr en vor 2020, ásamt því að settjörnin var einungis útbúin árið 2018 og því var ekki uppsöfnuð þörf á hreinsun til staðar við gildistöku leyfis. Eftirlitsaðili óskar þó eftir því að settjörnin/setskurðurinn verði hreinsaður fyrir 15. maí 2021 og á a.m.k. þriggja ára fresti eftir það, sbr. gr. 3.5 í starfsleyfi. Fara skal með efni sem fellur til úr skurðinum við hreinsun í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis úr frárennsli fiskeldis á landi. Umhverfismarkmið voru ekki aðgengileg í eftirlitinu en voru send eftirlitsaðila í kjölfar eftirlits. Eftirlitsaðili bendir á að setja skuli línur eða net yfir öll ker. Einnig er bent á að eldisbúnaður skuli vera í samræmi við bestu aðgengilegu tækni, BAT. Óskað er eftir mælingum í frárennsli og viðtaka sbr. umfjöllun hér að ofan.
Annað:	Sjá eftirlitsskýrslu.

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Lindarfiskur ehf. Botnum, Meðallandi



Dags eftirlits	1.12.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Lindarfiskur ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Sigtún 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590509-0350	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Drífa Bjarnadóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlitið er varða, umfang framleiðslu og skráningar. Fjórar ábendingar eru gerðar er snúa að mælingum, losun settjarnar, brennslu á brettum og varnir gegn aðgangi vargs.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslur, frávík og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Farið yfir helstu skiladaga og ákvæði nýs starfsleyfis
- Umfang 2018, 2019 og það sem af er ári 2020
- Umhverfismarkmið
- Skráningar og innra eftirlit sbr. gr.4.1
- Tilkynningar og viðbragðs- og neyðaráætlanir
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Umgengni um mengandi efni
- Dauðfiskur
- Annar úrgangur
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð 884/2017

Frávík frá	Lýsing á frávíki
págildandi starfsleyfi	Starfsleyfi gefið út af Heilbrigðisnefnd getur einungis tekið til framleiðslu 20 tonna í fiskeldi með losun í ferskvatn. Rekstraraðili slátraði 31 tonnum af bleikju á árinu 2018. Nýtt starfsleyfi sem heimilar framleiðslu að 300 tonnum tók gildi í maí 2020 og frávíkinu er því lokað.
págildandi starfsleyfi	Starfsleyfi gefið út af Heilbrigðisnefnd getur einungis tekið til framleiðslu 20 tonna í fiskeldi með losun í ferskvatn. Rekstraraðili slátraði um 44 tonnum af bleikju á árinu 2019. Nýtt starfsleyfi sem heimilar framleiðslu að 300 tonnum tók gildi í maí 2020 og frávíkinu er því lokað.
gr. 4.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal halda skráningar og skulu skráningarnar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Skráningar eru ekki á magni, gerð og meðhöndlun úrgangs. Skráningar á losun næringarefna eru ekki til staðar fyrir árin 2018 og 2019.

ÁBENDINGAR

Með vísan í gr. 2.8 óskar eftirlitsaðili eftir því að sýni verði tekið úr frárennsli fyrir 1. apríl nk. og TOC/COD/BOD₅ og svifagnir mælt sbr. gr. 4.3. Annað sýni verði tekið fyrir lok árs 2021, næsta sýni eigi síðar en árið 2023 og í kjölfarið á a.m.k. þriggja ára fresti sbr. starfsleyfi. Eftirlitsaðili óskar einnig eftir því að í samhliða sýnatökum í frárennsli árið 2021 verði tekin sýni ofan við og neðan við útrás settjarnar í viðtaka. Mæla skal COD og svifagnir, sbr. gr. 3.4 í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að settjörnin/setskurðurinn verði hreinsaður fyrir 15. maí 2021 og á a.m.k. þriggja ára fresti eftir það, sbr. gr. 3.5 í starfsleyfi og umfjöllun í gátlista. Fara skal með efni sem fellur til úr skurðinum við hreinsun í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis úr frárennsli fiskeldis á landi.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 4. mgr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 er opin brennsla úrgangs óheimil nema um brennur sé að ræða sem veitt hafi verið starfsleyfi fyrir.

Eftirlitsaðili bendir á að setja skuli línur eða net yfir öll ker á starfstöðinni. Einnig er bent á að rekstraraðili skuli starfa í samræmi við bestu aðgengilegu tækni, BAT

ANNÆÐ

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Farið var yfir áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um skráningar oliugeyma. Enginn olíugeymir er á staðnum sem tilheyrir rekstrinum.

Leiðbeiningar um meðhöndlun fastefnis frá fiskeldi á landi og um tilkynningar mengunaróhappa voru sendar rafrænt í kjölfar eftirlitsins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.01.2021


Hulda Soffía Jónasdóttir